

Vitringarnir frá Austurlöndum

Í frásögninni um fæðingu Jesú er talað um að til hans hafi komið þrír menn er færðu honum fórnir. Voru þær: *Gull, reykelsi og mirra*. Eru þeir nefndir *Vitringarnir frá Austurlöndum*.

Sögnin um vitringana frá Austurlöndum er ein hin allra dularfyllsta þeirra sagna sem tengdar eru við komu Jesú í þennan heim. Er að öllum líkindum ekkert um þá að finna í sögulegum heimildum nema þessi stutta frásögn Nýja testamentisins um komu þeirra til Jesú, er þeir færðu honum fórnir.

Eitthvað hefur þó verið ritað um vitringana, en flest eða allt getgátur og skáldskapur einber frá sannsögulegu sjónarmiði séð.

Í öðrum til fimmta kapítula bókarinnar „Ben Hur“ er minnst á þá. Fyrst er: *Þrír menn útlendir*. Lýst er samfundi þriggja manna sem hittast austanvert við Gyðingaland. Hafa þeir haldið þangað hver frá sínu heimkynni eftir leiðsögn stjörnuunnar til þess að finna hinn nýfædda konung og auðsýna honum lotningu.



Í þriðja kap. segir frá ferðalagi þess er síðastur kom, Kaspars hins gríska. Kom hann frá Grikklandi. — Í fjórða kap. segir Indverjinn Melkior frá ferðalagi sínu og í fimmta kap. segir Egyptinn Baltasar frá ferð sinni og tildrögum hennar frá Egyptalandi.

Þegar við tökum til við að leita að samstæðum og aðgæta hvað muni vera í samræmi við þessa þrjá heilögu konunga finnum við, að þeir samsvara eðlisþáttunum þremur sem hinn æðri og innri maður hefur í sér fólagna. Sé svo höfum við samstæðurnar eða hliðstæðurnar: Atma-Buddhi-Manas, eða faðir, sonur og heilagur andi — eða vilji, víska og framkvæmd.

Kaspar, hinn gríska, kom frá Grikklandi, landi blómskrúðs og fegurðar. Söngur Orfevs og hin fagra byggingalist Grikkja veitir því rétt til þess að nefnast *land breytinganna*, það landið sem varð aðalmilliliður milli fornarrar og nýrrar menningar.

Vitringarnir frá Austurlöndum

Baltasar kom frá Egyptalandi, landinu sem geymir mestar minjar fornrar byggingalistar, sem sýnir mestan kraft og visku og sem ennþá hefur ekki verið eftirgerð.

Melkior, hinn indverski, kom frá landi þeirrar menningar sem er vagga indóevrópskra þjóða, sem mestu yfirgripi hefur náð í þekkingu og heimspeki hinna innri skóla. Höfum við þar grundvöll hins stjórnandi vilja.

Við getum því sagt að þeir, vitringarnir frá Austurlöndum, hafi hver um sig verið fulltrúi þessara miklu eðlisþátta sem alls staðar birtast; í manningum, í náttúrunni, í trúarbrögðunum og í alveru.



Þeir sem hafa kynnst hinum innri (esoterisku) fræðum munu betur geta áttað sig á þessum hlutum.

Rósarkrossbræðralagið þekkir notkun þessara lögmála.

Hindúinn, svo ég noti nöfn manna í „Ben Hur“, hefur komið með gullið, sem er málmur sólar, tákni valds konunga og viljans. Egyptinn hefur haft myrruna meðferðis, það efnið sem táknar samloðun og festu, sameiningarhæfileika viskunnar og kærleikans. En Grikkinn hefur komið með reykelsið því það er tákni fegurðar, þess sem hreint er og heilagt. Höfum við hér, nánar skoðað, fyrir okkur tákni föður (gullið), sonar (myrruna) og heilags anda (reykelsið).

Er hér átt við hinn æðri og innri mann, eins og áður er sagt, sem vilji, viska og framkvæmd, og sem hinn lægri maður er aðeins endurspeglun af og birtist í þessum heimi sem *óskir*, *þekking* og *athöfn*.

Ef við athugum þetta nánar sjáum við, að hér er átt við hinn lægri mann og þróunarmöguleika hans. En í innsta eðli er hér átt við hinn innri og æðri mann og hæfileika þá sem hann ræður yfir. Og til þess að hann geti fæðst, vaxið og orðið alfullkominn verður hann að hafa meðtekið hinar miklu náðargjafir sem

Vitringarnir frá Austurlöndum

felast í þessum þremur táknum. Eru þær hluti af honum sjálfum — hans eigið eðli vaxið í fulla hæð. Konungarnir þrír, hinir heilögu, urðu því að koma til þess að hinn **mikli** gæti birst hér á jörð. Allir urðu þeir að vera til staðar við holdtekju **hans**, sem er **eitt með öllu**. Tilvist þeirra er ytra tákn einingar og allífs-vitundar. Heimurinn getur ekki orðið aðnjótandi hinnar sönnu fæðingar nema þeir, hinir heilögu konungar, hafi birst. Og enginn getur orðið fullkominn nema þeir þrír hafi komið, þegar hin innri fæðing hans fer fram.

Dagur vitringanna, dagurinn í dag **6. janúar**, dagur hinna heilögu konunga, er því hátíð hinnar miklu innri fæðingar, hinnar miklu vitundarþenslu þegar maðurinn hverfur brott frá starfs- og þróunarsviði sínu og verður þegn hins æðra lífs. Þessi dagur er fullkomnun jólaboðskaparins.

Á þessum degi er því lokið, sem á jólum var hafið.

Jón Árnason.

